

Tillaga að

REKSTRARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Arctic Sea Farm hf.
Starfsstöð: Patreks- og Tálknafjörður
Kennitala: 700807-0450
Aðsetur: Suðurgötu 12
400 Ísafjörður
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1219
Leyfið gildir til: x.x.20xx

Starfsemi:

AE 1 - Lax / *Salmo Salar*

Í gildi frá:

x.x.20xx

Kynslóðaskipti sjókvíaeldi í Patreksfirði og Tálknafirði. Hámarkslífmassi 7.800 tonn. Frjór laxastofn: StofnFiskur.

Sjókvíeldissvæði P (Kvígindisdalur) og T (Hvannadalur).

Svæði

Kvígindisdalur P

Punktur

1. 65°34.983'N 24°01.512'W, 2. 65°34.378'N 24°01.423'W,
3. 65°34.401'N 24°02.953'W, 4. 65°34.983'N 24°02.953'W,

Hvannadalur T

1. 65°39.179'N 24°02.142'W, 2. 65°39.695'N 24°00.872'W,
3. 65°39.313'N 23°59.702'W, 4. 65°38.952'N 24°00.721'W,
5. 65°39.899'N 24°01.201'W

Óheimilt er að hafa eldisbúnað á eldisvæðinu við Kvígindisdal í Patreksfirði og við Hvannadal í Tálknafirði fyrr en staðfest áhættumat um siglingaöryggi liggur fyrir. Þó er heimilt að hafa eldisbúnað við Hvannadal þar til búið er að ala og slátra þeim fiski sem er nú þegar í sjókvíum á eldisvæðinu. Leiði niðurstaða staðfests áhættumats um siglingaöryggi til þess að setja þurfi skilyrði eða breyta tilhögun eldisbúnaðar s.s. varðandi endanlega staðsetningu sjókvía, fyrirkomulag festinga, merkinga á eldisbúnaði o.s.frv. mun Matvælastofnun endurskoða rekstrarleyfið sbr. 10. gr. laga um fiskeldi með hliðsjón af niðurstöðu matsins.

Rekstrarleyfið er gefið út miðað við fyrirbyggjandi mat Hafrannsóknastofnunar á burðarþoli og áhættumati vegna erfðablöndunar. Heimilt er að endurskoða forsendur leyfisins ef breytingar verða á burðarþolsmati og/eða áhættumati Hafrannsóknastofnunar.

Rekstrarleyfishafi skal viðhafa fyrirkomulag vöktunar vegna laxalúsar í samræmi við leiðbeiningar sem Matvælastofnun gefur út. Rekstrarleyfishafi skal hafa tilgreinda viðbragðsáætlun og mótvægisáðgerðir í samræmi við niðurstöðu um smítalag frá eldisfiski hverju sinni og áhættu fyrir villta fiskistofna, s.s. notkun hlífðardúks, sérstaks fódurs og neyðarslátrun ef ekki tekst að halda lúsasmiti undir viðmiðunarmörkum.

Matvælastofnun mun upplýsa á heimasíðu sinni um niðurstöður vöktunar auk annarra upplýsinga sem kveðið er á í lögum og reglugerðum.

Rekstrarleyfið er bundið við, komi til þess að eldið sé stundað samhliða eldi annarra aðila, að leyfishafi lýsi yfir að hann viðhafi samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða innan sjókvíaeldissvæðis. Jafnframt er rekstrarleyfið bundið við að leyfishafi vinni, í slíkum tilvikum og eftir atvikum, með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar.

Rekstrarleyfishafi skal tryggja að eldisbúnaður sem notaður sé á eldissvæðum þess uppfylli sambærilegar kröfur og settar eru í staðlinum NS 9415 varðandi útbúnað og verklag.

Rekstrarleyfishafi skal við eldi frjórna laxa notast við ljósastýringu, þ.e. hafa kveikt ljós í kvíum meðan dagsbirtu gætir ekki frá 20. september til 20. mars. Við útsetningu frjórna seiða og þar til fiskur er orðin að meðaltali yfir eitt kíló skal möskvastærð í kvíum vera að hámarki 18 mm (legglengd möskvans). Frjó seiði sem sett eru út í kvíar skulu vera yfir 60 gr.

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar. Útsetning seiða á eldissvæði skal taka mið af umhverfisaðstæðum eldissvæðisins á hverjum tíma.

Varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem hefur ástæðu til að ætla að hann hafi misst eldisfisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu, Matvælastofnunar, sveitarfélaga og næstu veiðifélaga.

Rekstrarleyfishafi ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa, sem byggir á gangagranni um erfðaeftirhlutning hjá framleiðanda hroga.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og eldissvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldis er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggitri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 462/2021 (sem innleiðir reglugerð ESB nr. 2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum.

Rekstrarleyfið er háð skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laganna, sem og þeim breytingum sem kunna að vera gerðar á lögum og reglugerðum.

Vigdís Sigurðardóttir, fagsviðsstjóri fiskeldisdeildar